



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**FORSETI ÍSLANDS SÆKIR
MINNINGARATHÖFN UM HELFÖRINA
Í JERÚSALEM**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heldur til Ísraels í boði Reuven Rivlin, forseta Ísraels, dagana 22. og 23. janúar næstkomandi. Þar mun forseti Íslands ásamt um 50 þjóðarleiðtogum, forystumönnum ríkisstjórna og þjóðþinga, sækja dagskrá í Jerúsalem til að minnst helfararinnar gegn gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni.

Minningardagskráin 23. janúar er skipulögð af World Holocaust Forum Foundation í samstarfi við Yad Vashem stofnunina. Meðal ræðumanna verða Reuven Rivlin forseti Ísraels, Vladímír Pútín forseti Rússlands, Emmanuel Macron forseti Frakklands, Frank-Walter Steinmeier forseti Þýskalands, Michael R. Pence varaforseti Bandaríkjanna og Karl Bretaprins. Í kjölfarið mun forseti Íslands leggja blómsveig frá íslensku þjóðinni til minningar um fórnarlömb helfararinnar að minnismerki um uppreisnina sem gyðingar stóðu að árið 1943 í gettóinu í Varsjá.

Miðvikudaginn 22. janúar mun forseti Íslands sitja hátíðarkvöldverð forseta Ísraels ásamt öðrum forystumönnum sem sækja minningardagskrána. Þá mun forseti Íslands eiga fundi með landstjóra Kanada og forseta Finnlands meðan á dvöl hans í Jerúsalem stendur.

Á leið sinni til Ísraels mun forseti Íslands sækja landsleik Íslands og Portúgals í handknattleik karla sem fram fer í Malmö sunnudaginn 19. janúar.

16. janúar 2020

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).